

Fimmtudaginn 15. júní 1995.

Nr. 218/1994.

**Zophonías Antonsson**

(Gunnar Sólmes hrl.)

gegn

**Halli Steingrímssyni**

(Hreinn Pálsson hrl.)

Verksamningur.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Guðrún Erlendsdóttir og Gunnlaugur Claessen og Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 11. maí 1994. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að kröfur stefnda verði lækkaðar verulega og málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti felldur niður.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Svo sem fram kemur í hinum áfrýjaða dómi, gerðu aðilar munnlegan samning sín á milli um, að stefndi tæki að sér framkvæmdir í þágu áfrýjanda, sem þá hafði á grundvelli tilboðs gengist undir samning við Vegagerð ríkisins um gerð vegarkaflla í Svarfaðardal. Þáttur stefnda fólst einkum í því að ýta út fyllingarefni, sem ekið var í veginn, en stefndi lagði sjálfur jarðýtu til verksins. Í munnlegri skýrslu fyrir dómi taldi áfrýjandi þann þátt nema nálægt 10% heildarverksins. Einnig vann stefndi með ýtunni við skeringu og snyrtingu vegkanta. Þá vann stefndi nokkuð við verkið með veghefli, sem áfrýjandi tók á leigu frá öðrum vegna framkvæmdanna. Telur stefndi, að samtals hafi hann varið 525 klukkustundum til verksins. Hefur sú tímatalning ekki sætt andmælum áfrýjanda.

Aðilar málsins bera hins vegar hvor á sinn veg um, hvaða endurgjald skyldi koma fyrir framlag stefnda til verksins samkvæmt hinum munnlega samningi þeirra. Miðar stefndi kröfur sínar við tímagjald samkvæmt sérstökum töxtum, sem Vegagerð ríkisins hefur útbúið og notar í vissum tilvikum. Áfrýjandi hafnar greiðslu samkvæmt þessum töxtum og telur, að til grundvallar uppgjöri aðila

beri að leggja greiðslur samkvæmt magntölum, og sé það í samræmi við samning þeirra. Í skriflegu svari við kröfubréfi stefnda, áður en til málshöfðunar kom, hefur áfrýjandi engu að síður boðið fram greiðslu samkvæmt tímagjaldstaxta Vegagerðar ríkisins til uppgjörs á 184 klst., sem stefndi hafi varið í skeringu og snyrtingu vegkanta. Frá því skyldi hins vegar draga 30%, sem ekki hefur verið skýrt sérstaklega.

Svo sem málið liggur fyrir, verður fallist á þá niðurstöðu héraðsdóms, að dæma beri um ágreining aðila svo sem eigi hafi fyrir fram verið samið um verð fyrir verk stefnda. Að því virtu, sem að framan greinir, og að öðru leyti með vísan til forsendna héraðsdóms verður hann staðfestur. Dæma ber áfrýjanda til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti, svo sem greinir í dómsorði.

#### D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Zophonías Antonsson, greiði stefnda, Halli Steingrímssyni, 80.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

#### Dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra 15. febrúar 1994.

Mál þetta, sem dómtekið var 2. febrúar sl., hefur Hallur Steingrímsson kt. 290348-2939, Skáldalæk, Svarfaðardalshreppi, höfðað hér fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra með stefnu, birtri 24. mars 1993, á hendur Zophoníasi Antonssyni, kt. 220546-2769, Goðabraut 17, Dalvík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 971.738 kr. með dráttarvöxtum [svo og málskostnað].

Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda og að sér verði dæmdur málskostnaður úr hans hendi.

Til vara gerir stefndi þá kröfu, að stefnukröfur verði lækkaðar verulega og málskostnaður þá felldur niður.

Málsatvik eru þau, að vorið 1992 bauð Vegagerð ríkisins út verk við veg milli Holts og Húsabakka í Svarfaðardal. Nam kostnaðaráætlun vegagerðarinnar 12.891.213 kr. Lægsta tilboð í verkið barst frá stefnda, 6.424.050 kr., tæp 50% af kostnaðaráætlun vegagerðarinnar. Samdi vegagerðin við stefnda um verkið á grundvelli tilboðs þessa. Stefndi samdi síðan munnlega við stefnanda um, að stefnandi legði fram menn og vélar til vinnu við tiltekinn þátt verksins. Samkvæmt tímaskýrslum, sem fram eru lagðar í málinu, innti stefnandi verkið af hendi í mánuðunum júlí, ágúst, september og október 1992.

Stefnandi kveður samið hafa verið um, að verð fyrir verkið skyldi miða við taxa vegagerðarinnar, þ. e. svonefnt mánaðargjald. Samkvæmt því gjaldi nemi heildargreiðsla fyrir verkið 1.661.738 krónum. Inn á þessa fjárhæð hafi stefndi greitt 690.000 kr., og séu eftirstöðvar því 971.738 kr., sem eru stefnufjárhæðin. Kveðst stefnandi reisa kröfu sína um greiðslu á fjárhæð þessari á almennum reglum samningaréttar.

Stefndi kveðst hafa gert tilboð í verkið hjá Vegagerð ríkisins, svo sem að framan er rakið. Til þess að vinna verkið hafi hann fengið nokkra aðila til liðs við sig, þ. á m. stefnanda. Öllum þessum aðilum og stefnanda einnig hafi verið kunnugt um, að tilboð í verkið var langt undir kostnaðaráætlun og greiðslur til þeirra yrðu að nokkru leyti í samræmi við það. Allir aðrir en stefnandi hafi sett sig við það. Stefndi hafi samið við stefnanda um, að svonefndur tonnataxti yrði hafður til viðmiðunar við greiðslur fyrir verkið, og samkvæmt þeim útreikningi hafi stefnandi fengið að fullu greitt fyrir sinn þátt í verkinu. Þar sé með talinn hlutur stefnanda í snyrtingu í köntum og skering, en þar hafi verið gert ráð fyrir, að stefnandi ynni á grundvelli tilboðsins, sem hann hafi í raun orðið aðili að. Styður stefndi sýknukröfu sína með framangreindu.

Varakröfu sína styður stefndi því, að hann hafi boðist til að greiða stefnanda 129.144 kr. til samkomulags, og verði ekki á sýknukröfuna fallist, sé sú viðbótargreiðsla fullnægjandi.

Auk aðila málsins hafa vitnin Birkir Bragason, Sverrir Björgvinsson, Hallgrímur Hreinsson og Sigurður Oddsson, deildarstjóri framkvæmda-deildar vegagerðarinnar á Norðurlandi eystra, gefið skýrslur hér fyrir dómnum.

Ekki er ágreiningur um vinnutímafjölda manna og véla, er stefnandi lagði til verksins og hann miðar kröfu sína við. Aðila greinir hins vegar á um, hvort miða eigi greiðslur við tímagjald eða magngjald. Hér fyrir dómnum hefur hvorugur aðila fært fram fullnægjandi sönnur á staðhæfingar sínar um þetta atriði. Gegn andmælum stefnanda er einnig ósannað, að hann hafi á einhvern hátt gerst aðili að samningi stefnda við vegagerðina. Verður að dæma mál þetta svo sem eigi hafi verið fyrir fram samið um verð fyrir verk stefnanda.

Stefnandi miðar verðlagningu verksins við svonefnda viðmiðunargjaldskrá vegagerðarinnar, sem samkvæmt framburði vitnisins Sigurðar Oddssonar er til afnota fyrir vegagerðina, en ekki út gefin til almennra afnota.

Vitnið Sigurður Oddsson ber, að í einstaka tilvikum sé viðmiðunarverðskrá þessi notuð í samningum vegagerðarinnar, einkum ef um minni háttar verk er að ræða. Stefnandi hefur sýnt fram á, að hann hafi gjarnan stuðst við viðmiðunargjaldskrá þessa við verðlagningu á verkum sínum.

Hlutfall greiðslu þeirrar, er stefnandi áskilur sér, og kostnaðaráætlunar Vegagerðar ríkisins er svipað hlutfalli tilboðs stefnda og þeirrar greiðslu, er hann telur sig eiga að greiða stefnanda.

Með vísan til framangreinds verður verðlagning stefnanda á verki sínu eigi talin ósanngjörn.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, og með hliðsjón af 5. gr. kaupalaga nr. 39/1922 ber að taka kröfur stefnanda til greina að fullu.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 100.000 kr.

Dóm þennan kvað upp Freyr Ófeigsson dómstjóri.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Zophonías Antonsson, greiði stefnanda, Halli Steingrímsyni, 971.738 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 5. nóvember 1992 til greiðsludags, er leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti frá upphafsdegi vaxtanna, og 100.000 kr. í málskostnað.

Dómurinn er aðfararhæfur.

---